

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárbíngi ytra.

Faxaflatir, óveruleg breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárbíngs ytra samþykkti 24. september 2025 tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir Faxaflatir á Hellu. Afmörkun lóðarinnar Faxaflatir 2A hefur verið breytt án breytingar á skráðri stærð hennar. Tilfærslan gerir það að verkum að heildarlóðin Faxaflatir minnkar að sama skapi. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 7. október 2025.

F.h. Rangárbíngs ytra,
Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 21. október 2025